

Héraðsdómur Norðurlands eystra

Dómur 3. febrúar 2026

Mál nr. S-201/2025:

Ákærvaldið

(Eyþór Þorbergsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

Einari Bjarka Einarssyni

(Jón Þór Ólason lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem var dómtekið 16. janúar sl., höfðaði lögreglustjórinn á Norðurlandi eystra 9. apríl 2025 með tveimur ákærum á hendur Einari Bjarka Einarssyni, kt. [...], [...], [...]. Í báðum ákærum er ákærða gefin að sök líkamsárás aðfaranótt sunnudagsins 1. september 2024 og voru málinu sameinuð.

Fyrri líkamsárásinni er lýst þannig að ákærði hafi „fyrir utan veitinga- og skemmtistaðinn [...], [...] á Akureyri, slegið A, kt. [...], einu hnefahöggi í andlitið, með þeim afleiðingum að hann fékk blóðnasir.“

Þeirri síðari er lýst þannig að ákærði hafi „í miðbæ Akureyrar fyrir utan Hafnarstræti 100, ráðist gegn B, kt. [...] og hrint honum í götuna, sparkað í líkama hans þar sem hann lá í götunni og kýlt hann ítrekað í höfuð og líkama. Afleiðingar þessa fyrir brotaþola var að hann hlaut glóðarauga á hægri auga, bólgu og roða á vinstra eyra, þrjár rispur á háls, eymsli yfir vinstri öxl, skurð og rispu á bringu og roða og rispaða húð á hné.“

Bæði brotin eru talin varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga og þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

- Ákærði krefst aðallega sýknu af kröfum ákærvalds, til vara að honum verði ekki gerð refsing en til þrautavara er krafist vægustu refsingar sem lög leyfa og að hún verði að fullu skilorðsbundin. Þá er krafist hæfilegra málsvarnaralauna til handa skipuðum verjanda ákærða og að sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði.

Málsatvik

- Atvik beggja mála gerðust í samfellu. Þykir það gefa skýrari mynd að lýsa hér atvikum og framburðum ákærða og vitna í einu lagi fremur en fjalla um hvort mál fyrir sig.
- Samkvæmt lögregluskýrslu var aðstoðar óskað að [...], laust fyrir klukkan þrjú aðfaranótt 1. september 2024, þar sem karlmaður hefði kýlt tvær manneskjur, karl og konu, og hótad konunni lífláti. Því er lýst að þegar lögregla kom á staðinn hafi mikill hiti verið í mannskapnum en árásarmaðurinn farinn af vettvangi. Dyraverðir hafi lýst því að maður í brúnum Nike íþróttagalla hefði reynt að koma sér inn á [...] baka til en verið

rekinn út. Hann hefði verið leiðinlegur við dyraverðina þar sem vini hans, sem ekki hefði verið kominn með aldur til að fara inn á staðinn, hefði verið meinaður aðgangur. Hann hafi kýlt mann í andlitið við anddyri [...]. Þá hafi hann skömmu síðar slegið konu í höfuðið og hótað henni lífláti þar sem þau stóðu rétt sunnan við skemmtistaðinn en síðan gengið burt.

- 5 Í skýrslu vegna hins málsins kemur fram að á meðan lögregla var að ræða við vitni við [...] hafi skyndilega brotist út slagsmál milli tveggja aðila norðar í götunni og fólk kallað eftir aðstoð. Lögreglumenn hafi hlaupið á vettvang og einnig óskað frekari aðstoðar. Rætt hafi verið við ákærða og B. Ákærði hafi lýst því að hafa verið á [...] að leita farsíma síns sem hann hafi týnt þar fyrir um kvöldið. Þar hafi verið eitthvert vesen og skætingur en ekkert stórmál, hann hafi ýtt í einhvern mann sem hafi haft í hótunum við hann. Þegar hann hafi ekki fundið símann hafi hann gengið aftur norður götuna og fjórir menn elt hann. Einn þeirra hafi verið B, sem hafi ráðist á hann og hann aðeins verið að verjast. Tekið er fram að blætt hafi úr litlum skurði á hægri þumli ákærða og buxur hans og peysa verið blóðug á hægri hlið. B hafi lýst því að hafa verið inni á [...] og fengið fregnir af því að vinur hans hafi verið laminn. Hann hafi farið og spurt gerandann, ákærða, af hverju hann hafi lamið vin hans. Ákærði hafi verið ósáttur við að hann skyldi elta hann og ráðist á hann. Ákærði hafi lamið hann í andlitið og stungið hann í bakið með glerflösku. Á baki B hafi sést blóð en ekki sár. B hafi lýst því að vera illt í höfðinu og hann hafi verið með sár á hægri kinn og klórför hægra megin á hálsi. Ákærði hafi verið handtekinn, fluttur á lögreglustöð og vistaður í fangaklefa. Skömmu eftir árásina hafi lögreglumenn svipast um eftir brotinni flösku á vettvangi en ekki fundið neitt slíkt.
- 6 Lögregla fékk upptöku úr öryggismyndavél við aðalinngang [...] og er hún meðal gagna málsins. Í upplýsingaskýrslu er því meðal annars lýst að ákærði hafi komið út af barnum klukkan 2:47:06 og gengið að hópi fólks sem hafi staðið þar og virst vera að ræða saman, A þar á meðal. Ákærði virðist blanda sér í umræðurnar. Sjá megi A draga ljóshærðan dreng með sér út úr hópnum og stúlku fylgja á eftir. A komi síðan aftur og fari að ræða við ákærða. Einhver hiti virðist vera á milli ákærða og ljóshærða piltins en A og stúlkan standi hjá. Klukkan 2:49:37 stígi A á milli ákærða og ljóshærða piltins og haldi hægri hendi upp að bringu ákærða sem stígi nokkur skref aftur á bak. Þeir hverfi síðan að mestu úr mynd og sjáist aðeins í fætur þeirra. Klukkan 2:51:13 sjáist A eiga orðaskipti við dyravörð sem gangi af stað með honum og þeir hverfi úr mynd. Ljóshærði drengurinn komi gangandi úr þeirri átt ásamt stúlku, hún fari til baka og kom síðan með A með sér. Dyravörðurinn virðist síðan ræða við ákærða sem gangi svo burt í norður. Klukkan 2:52:01 komi ákærði aftur í mynd og ræði við dyravörðinn. A standi þá ásamt ljóshærða piltinum nær aðalinngangi. Ákærði gangi síðan á bak við dyravörðinn, rakleitt að A og slái hann í andlitið klukkan 2:52:07.
- 7 Einnig liggur fyrir upptaka úr öryggismyndavél í Hafnarstræti. Í skýrslu lögreglu er því lýst að þar sjáist ákærði skyndilega hrinda B í götuna, sparka í höfuð hans þar sem hann liggja og kýla hann síðan margsinnis. Ekki sjáist hvort hann hafi notað áhald.

- 8 Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu vegna beggja mála 1. september. Sama dag var B yfirheyrður á lögreglustöð og vitnin D og E í síma. Avar yfirheyrður 4. september.
- 9 Fyrir liggur bráðamóttökuskra um komu B á bráðamóttöku daginn eftir atvik og myndir sem þar voru teknar af áverkum hans. Þar kemur fram að hann hafi lýst því að hafa verið að skemmta sér í miðbænum með vinum sínum og einn vinur hans orðið fyrir árás. Hann hafi reynt að verja vin sinn og spurt árásarmanninn af hverju hann væri að þessu. Árásarmaðurinn hafi þá ráðist á hann, tekið upp glerflösku sem hann hafi brotið og byrjað að lemja hann. Hann muni ekki vel eftir árásinni en muni að hafa endað í jörðinni. Því er lýst að hann hafi glóðarauga á hægri auga, aðallega „inferiorly“ og „minimal“ bólga. Vinstra ytra eyra sé rautt, „minimal“ bólga. Á hálsi/hnakka séu þrjár rispur í línu hægri megin frá miðju, mögulegt klór, einnig 1-2 klórför á hnakka. Á vinstri öxl sé ekki skýr sýnilegur áverki og geti framkvæmt umbeðnar hreyfingar en þó með verkjum, hann sé aumur viðkomu „diffuse“ yfir axlarsvæði. Aðeins til vinstri á brjóstakassa sé u.þ.b. 20x2 mm skurður, ekki djúpur og það blæði ekki. Út frá honum teygist í átt að miðju svipað löng rispa. „Bilateral“ á hné sé aðeins roði og rispuð húð. Að lokinni skoðun hafi hann farið heim með skilaboð um verkjastillingu með paracetamol.

Framburður ákærða og vitna fyrir dómi

- 10 Ákærði kvaðst ekki muna atvik vel og framburður hans um þau var fremur ruglingslegur. Hann kvaðst hafa fengið líflátshótanir fyrir utan [...]. Þetta hafi verið nokkrir menn saman, fimm til sex, og hann hafi verið orðinn hræddur um líf sitt, hann hafi tvívegis lent í því að vera stunginn. Ákærði kvaðst hafa reynt að koma sér burtu. Hann hafi verið eltur uppí og honum lent saman við mann þar. Hópur fólks hafi komið og sparkað í hnakka hans en það hafi fljótlega verið stöðvað. Hann hafi verið með höfuðverk á eftir og minnti að hann hafi skýrt lögreglu frá því auk þess að hafa bent á áverka sem hann hafði á vör. Hann kvað geta verið að hann hafi slegið mann í fyrri átökunum til að verjast, en ekki með hnefa. Einnig geti verið að hann hafi hrint manni í götuna í síðara skiptið en hann hafi ekki sparkað í hann. Þá muni hann ekki eftir því að hafa kýlt þann mann ítrekað.
- 11 Vitnið A kvað hann og vin hans, F, hafa stoppað fyrir utan [...] að spjalla við félagi sína. Þar hafi komið maður í rauðum Nike „tech fleece“ galla. Sá maður og F hafi næstum farið að slást og hann stigið inn til að það syði ekki upp úr. Hann hafi þá verið kýldur. Hann haldi að dyravörður hafi síðan dregið hann inn á [...]. Vitnið kvaðst muna þetta illa og ekki geta lýst högginu, það sé eins og hann hafi vankast. Hann muni ekki orðaskipti á milli ákærða og F eða um hvað málið snerist. Hann kvaðst hafa fengið smá blóðnasir en annars verið „ferskur“. Þá hafi þetta ekki haft áhrif til lengri tíma, hann sé ekkert hræddari en áður.
- 12 Vitnið G kvaðst hafa verið við dyravörslu á [...] þetta kvöld. Hann hafi reynt að rifja upp atvik en muni þau illa. Hann muni þó að maður í brúnum heilgalla hafi klifrað inn á bak við og verið vísað út og settur í tveggja daga bann. Hann hafi verið mjög reiður vegna þessa. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vitni að slagsmálunum.
- 13 Vitnið H kvaðst einnig hafa verið við dyravörslu á [...] þetta kvöld. Ákærða og félagi hans hafi verið vísað út en þeir viljað koma inn aftur. Eitthvert ósætti hafi verið en hann

muni ekki um hvað eða við hvern. Ákærði hafi síðan slegið mann en hann muni ekki hvort það var með flötum lófa eða krepptum hnefa. Fólk hafi komið að og ýtt þeim í burtu. Maðurinn hafi þá farið í átt að 66° norður og slegið stelpu þar og hóttað henni lífláti. Hann ekki muna hvort hann hafi séð ákærða verði fyrir höggi.

- 14 Vitnið I kvaðst hafa komið út af [...] með vinkonu sinni, J. Þar hafi fólk sem hún kannist við verið eitthvað að rífast, m.a. A og F sem hafi verið mjög reiður. A hafi staðið beint fyrir utan staðinn og strákur í brúnum Nike „track suit“ hafi lamið hann þannig að hann fékk blóðnasir. Vitnið kvaðst ekki muna hvort höggið var veitt með flötum lófa eða krepptum hnefa. Hún kvað F hafi sagt að maðurinn hefði ætlað að lemja hann en óvart lamið fertuga konu, K, í hans stað og allt orðið brjáláð. Maðurinn hafi hlaupið niður Hafnarstræti og nokkrir strákar á eftir en hún hafi ekki séð hvað gerðist þar.
- 15 Vitnið B kvaðst ekki muna vel eftir atvikum, hann hafi verið undir áhrifum áfengis og langur tími liðinn síðan. A vinur hans hafi sagst hafa verið kýldur. Vitnið hafi ekki séð það en verið sagt frá því og bent á gerandann. Vitnið hafi farið á eftir manningum og spurt hann hvað hann hefði verið að gera, þeir hafi þá verið hvor sínu megin við götuna. Sá hafi þá ráðist á hann og skorið hann í andlit og bringu. Hann kvaðst ekki muna eftir árásinni en vinur hans hafi tjáð honum að ákærði hafi verið með brotna flösku. Hann muni þó að hann hafi lent í götunni en það kunni að vera af því að hann sá myndbönd af þessu við yfirheyrslu lögreglu. Aðspurt kvaðst vitnið ekki minnst þess að hafa hóttað manningum, það væri ólíkt honum að gera það. Þá hefði það ekki gefið manningum neinn rétt til að ráðast á hann þótt svo hefði verið. Hann hafi ekki verið í hópi þegar þetta gerðist, ef vinir hans hefði verið hjá hefðu þeir hjálpað honum. Vitnið kvaðst hafa verið með glóðarauga, skorinn á kinn og smá á bringu og eitthvað á hendi, hann hafi fundið til í smá tíma og sleppt fjórum vöktum í vinnu sinni sem pizzusendill. Hann kvað þetta ekki hafa haft afleiðingar á andlega heilsu.
- 16 Vitnið D kvaðst ekki muna atvik vel en þó að strákur hafi ráðist á B en B ekkert gert á móti. Hún kvaðst ekki hafa séð hvernig þetta byrjaði og ekki muna vel hvernig árásin var, hann minni að strákurinn hafi notað flösku eða glerbrot í andlit B. Hún kvaðst hafa munað atvikin betur þegar lögregla ræddi við hana. Hún las skýrslu sína og kvað þar rétt frá sagt.
- 17 Vitnið E kvaðst hafa sé ákærða með glerflösku, hann hafi ráðist á B. Hann hafi heyrt að ákærði hafi verið búinn að ráðast á A og B hafi ætlað að ræða við hann vegna þess. Hann kvaðst ekki vita hvort ákærði og B töluðu eitthvað saman og ekki muna smáatriði í árásinni. Vitnið kvað B ekki hafa gera neitt annað en reyna að verjast og lögregla hafi komið fljótt. Aðspurt kvaðst vitnið ekki muna hvort hann fór með B á eftir ákærða frá [...].

Niðurstaða

- 18 Ákærða eru gefnar að sök tvær líkamsárásir aðfaranótt 1. september 2024, fyrst að hafa ráðist á A við [...], sem er að Hafnarstræti [...], og síðan B við Hafnarstræti [...].

- 19 Framburður ákærða var ruglingslegur en hann kvað geta verið að hann hafi slegið mann við [...] til að verjast, þó ekki með hnefa. Þá geti verið að hann hafi síðan hrint manni en hann hafi ekki sparkað í hann og kvaðst ekki muna eftir að hafa kýlt hann ítrekað. Hann vísaði til þess að þetta hafi gerst af því honum hafi verið ógnað af fimm til sex mönnum, honum hafi verið hóttað lífláti. Hann hafi reynt að koma sér í burtu en verið eltur uppi. Hópur manna hafi ráðist að honum og sparkað í hnakka hans.
- 20 Upptöku af fyrra atvikinu er lýst að framan í efnisgrein 6. Eins og þar kemur fram átti ákærði í einhverjum samskiptum við A og fleiri fyrir utan [...]. Ekki er að sjá að til neinna átaka hafi komið. Á einhverjum tímapunkti virðist A leita til dyravarðar sem fer og ræðir við ákærða. Piltur sem með honum var gengur þá að dyrum [...] og síðan einnig A og dyravörðurinn. A stendur rólegur við dyr [...] en dyravörðurinn ræðir við ákærða sem gengur síðan af stað í norður, frá staðnum, klukkan 2:51:44. Klukkan 2:51:58 kemur ákærði aftur og einhver orðaskipti eiga sér stað. Hann gengur síðan fram hjá dyraverðinum að A og slær hann klukkan 2:52:07.
- 21 Af upptökunni og framburðum vitna má ráða að eitthvert rifrildi hafi verið þarna. Hins vegar sést einnig að þegar ákærði kemur aftur að staðnum og gengur í átt að A er fólk rólegt og enginn að veitast að honum. Ákærði stendur nokkuð frá ákærða, rólegur með hendur niður með síðum og sýnir enga ógnandi tilburði. Styður því ekkert þann málatalbúnað ákærða að um neyðarvörn hafi verið að ræða. Í ákæru segir að ákærði hafi slegið ákærða hnefahöggi en ákærði neitar því að hafa haft krepptan hnefa. Ekkert vitnanna gat fullyrt að ákærði hafi veitt höggið með krepptum hnefa og á upptökunni virðist frekar að það hafi verið með flötum lófa. Samkvæmt framangreindu verður ákærði sakfelldur fyrir að hafa slegið A einu sinni í andlitið með flötum lófa með þeim afleiðingum að hann fékk blóðnasir. Varðar brotið við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.
- 22 Á upptöku af síðara tilvikinu má sjá hvar ákærði gengur norður Hafnarstræti, ásamt öðrum manni. B gengur nokkru á eftir honum. Tveir einstaklingar virðast ganga þar með honum en það er þó erfitt að sjá þar sem fleira fólk er þarna á ferð. Ákærði stoppar fyrir framan Hafnarstræti [...] og virðist koma til einhverra orðaskipta. Skyndilega gengur ákærði rösklega að B, hrindir honum í götuna og sparkar í hann þar sem hann liggur. Þá beygir hann sig yfir hann og kýlir hann ítrekað þar sem hann liggur. Viðstaddir reyna að stöðva ákærða og lögregla kemur síðan fljótlega hlaupandi að.
- 23 Í yfirheyrslu hjá lögreglu gekkst ákærði við því að hafa kýlt B en kvað hann hafa kýlt til baka. Þá ber hann því við að um neyðarvörn hafi verið að ræða, fimm eða sex manns hafi hlaupið þarna á eftir honum og veist að honum. Ekkert styður þennan framburð ákærða. Hann gekk fremur rólega í norðurátt og B nokkru á eftir, líklega með einum eða tveimur öðrum. Þeir veitast ekki að ákærða og sjást ekki hafa uppi neina ógnandi tilburði. Þegar ákærði tók af stað í átt að B voru nokkrir metrar á milli þeirra. Að áliti dómsins styður ekkert þann framburð ákærða að hann hafi þarna verið að verjast eða afstýra ólögmatrí árás sem var byrjuð eða vofði yfir. Verður ákærði því sakfelldur fyrir þá háttsemi sem

lýst er í ákæru og að hafa með henni valdið þeim áverkum sem þar er lýst. Varðar brot ákærða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga.

Viðurlög og sakarkostnaður

- 24 Ákærði er nú sakfelldur fyrir tvær líkamsárásir sem varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Af sakaferli ákærða skiptir hér máli að þann 22. nóvember 2023 var ákærði dæmdur í átta mánaða fangelsi fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga þann 17. nóvember 2022. Þá var hann 8. maí 2024 sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga 19. júní 2022 og dæmdur til eins mánaðar fangelsisvistar en fullnustu refsingarinnar frestað skilorðsbundið í tvö ár. Af dóminum frá 8. maí 2024 verður ráðið að upplýsingar um fyrri dóminn hafi ekki legið fyrir við meðferð þess máls. Loks var ákærði, þann 16. júlí 2024, sakfelldur fyrir akstur undir áhrifum áfengis- og fíkniefna, sviptur ökurétti. Skilorðsdómurinn frá 8. maí 2024 var þá tekinn upp og ákærða gert að sæta fangelsi í 90 daga, greiða 480.000 króna sekt og sæta ævilangri sviptingu ökuréttar.
- 25 Bæði brotin sem ákærði er nú sakfelldur fyrir framdi hann 1. september 2024. Hafa fyrrnefndir dómar fyrir líkamsárásir því ítrekunaráhrif við ákvörðun refsingar nú, sbr. 1. mgr. 218. gr. c almennra hegningarlaga. Þar sem bæði brot ákærða samkvæmt þeim dómum voru framin áður en fyrri dómurinn gekk telst nú vera um fyrstu ítrekun að ræða, sbr. 1. mgr. 71. gr. almennra hegningarlaga.
- 26 Að framan er hafnað þeirri málsvörn ákærða að um neyðarvörn hafi verið að ræða. Af hans hálfu er einnig byggt á því að refsing skuli falla niður á grundvelli 3. mgr. 218. gr. c, 75. gr. eða 2. mgr. 12. gr. almennra hegningarlaga. Að áliti dómsins styður ekkert þann framburð ákærða að aðstæður hafi verið með þeim hætti að þessi ákvæði eigi við þótt vera kunni að einhverjum ónotum hafi verið hreytt í hann. Samkvæmt öllu framangreindu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í þrjá mánuði.
- 27 Samkvæmt úrslitum málsins verður ákærða gert að sakarkostnað sem er ekki annar en málsvarnarlaun og ferðakostnaður skipaðs verjanda hans. Þykja málsvarnarlaun hæfilega ákveðin svo sem greinir í dómsorði, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Arnbjörg Sigurðardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Einar Bjarki Einarsson, sæti fangelsi í þrjá mánuði.

Ákærði greiði 942.270 krónur í sakarkostnað, þ.e. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Þórs Ólasonar lögmanns, 883.500 krónur, og 58.770 króna ferðakostnað hans.